



# Láttu pokann ganga

## Hópleikur

### Markmið

Að nemendur geti lýst ólíkum hlutum á ýmsa vegu.

### Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

### Gögn

Poki sem inniheldur ólíka hluti.

### Mat á framkvæmd

### Leiklýsing

Kennarinn safnar smáhlutum í poka, það er gott að velja ólíka hluti með meðmismunandi eiginleika. Nemendur setjast í hring ásamt kennaranum. Kennarinn leikur tónlist, dregur einn hlut upp úr pokanum og lætur hann ganga hringinn. Þegar að tónlistin stöðvast á sá nemandi sem heldur á hlutnum að segja frá honum. Kennarinn spyr svo spurninga sem hópurinn á að svara t.d.:

- Hvað heitir hluturinn?
- Til hvers er hluturinn notaður?
- Hefur þú séð svona hlut áður?
- Hvernig er hluturinn á litinn?
- Er hluturinn harður/mjúkur/léttur/þungur?
- Er hægt að nota hlutinn í fleiri en einum tilgangi?

Þetta er endurtekið þangað til allir hafa fengið að taka þátt eða kennarinn telur að allir hafi verið með í umræðunum.

### Aðrar útfærslur

Það er líka hægt að hafa pokana þematengda til að skerpa á hugtökum sem verið er að vinna með.

Einnig er hægt að láta nemendur koma með hluti í pokann.